

## Verkefnaráð

### Fundargerðir: Verkefnaráð 22.09.2023

<b>Verkefnaráð</b> .....	1
Bloomberg verkefni – Fjölbeyging - Plan verkefnis og mönnun.....	2
Starfsmannagáttin og innleiðing á 50skills Journey .....	4
Hugtakasafn borgarinnar (e. Business glossary) .....	7
Sorþirðudagatal 3.0.....	9
Þjóðskrá .....	11
Skólalausnir – samstarf sveitarfélaga á HBVS .....	13

# Verkefnaráðsfundur 22.09.2023

<b>Verkefni</b> Verkefnaráð	<b>Yfirskrift fundar</b> Verkefnaráðsfundur 22.09.2023
<b>Dagsetning</b> 22.09.2023	<b>Staðsetning</b> Borgartún 12-14.
<b>Mættir:</b> Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þróstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Tindur Óli Jenson, Ásgrímur Már Friðriksson, Eyrún Ellý Valsdóttir, Inga Rós Gunnarsdóttir, Kristjana Björk Barðdal, Þorbjörn Þórarinnsson, Karen María Jónsdóttir, Búi Bjarmar Aðalsteinsson	
<b>Fjarverandi:</b>	
<b>Fundarritari:</b> Eva Björk Björnsdóttir	

## Dagskrá fundar

Föstudaginn, 22.september 2023, kl. 10:00 – 11:30 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

- 10:00 - 10:05 Samstilling
- 10:05 – 10:15 Bloomberg verkefni, Fjölyngi-plan verkefnis og mönnun: Tindur og Orri Freyr
- 10:15 – 10:20 Umræður
- 10:20 – 10:35 Starfsmannagáttin og innleiðing á 50skills Journey: Ásgrímur
- 10:35 – 10:40 Umræður
- 10:40 – 10:50 Hugtakasafn borgarinnar: Gagnþjónustan - Inga Rós, Kristjana, Þorbjörn
- 10:50 – 11:00 Nýtt sorphirðudagatal: Gagnþjónustuna - Inga Rós, Kristjana, Þorbjörn
- 11:00 – 11:10 Þjóðskrá: Gagnþjónustan - Inga Rós, Kristjana: Inga Rós, Kristjana, Þorbjörn
- 11:10 – 11:15 Umræður
- 11:15 - 11:30 Skólalausnir - samstarfs sveitarfélaga á HBSV: Karen María og Búi
- 11:30 Umræður og fundi slitið

## Bloomberg verkefni – Fjölyngi - Plan verkefnis og mönnun

Verkefnið hét áður „Betri gögn fyrir fjölyngd börn“. Farið var yfir áskorunina á verkefnaráðsfundi þann 30.mars síðastliðinn og var niðurstaðan sú að samþykkt var fjármagn í uppgötvunarsprett með tvo starfsmenn úr gróðurhúsi í allt að 3-4 vikur. Kynning var haldin fyrir verkefnaráð 15.júní síðastliðinn að loknum uppgötvunarsprett, og var niðurstaðan eftirfarandi: *Komin er frábær greiningarvinna og tillaga að verkefni, komið skýrt markmið og undirmarkmið. Stefnt að því að hafa skýrt mótað verkefni, þar sem allir hagsmunadilar eru vel upplýstir ásamt þörf fyrir teymi og tímalínu í september. Áætlað er að ekki þurfi stórt teymi, en um það bil 3-4 starfsmenn. Varðandi tímalínu og hvað verði lokið á 6 mánuðum, þá er stefnt að því að gera frumgerðir og prófanir þannig að ákveðið verði að lágmarki nákvæmlega hvað eigi að gera og sýn á það, en ef það felur í sér stafræna lausn þá fer það eftir því hvort við eigum tilbúna lausnir eða hversu umfangsmikið þurfi að þróa. Fullur stuðningur við verkefnið, frábært verkefni og þjónustuaukning fyrir þennan notendahóp.*

### Hvað er búið að gera:

- **Öflun:** Auglýsa rýnihópa og hafa samband við foreldra sem skráðu sig
- **Innri rannsókn:** Viðtöl og rýnihópar með SFS

- **Gagnasöfnun og grunnlína könnun:** Safna gögnum sem eru til, skilgreina gögnin sem vantar, hanna grunnlínu könnun
- **Rýnihópar:** 3-4 skapandi rýnihópar með foreldrum
- **Áhorf:** 3-5 áhorf af móttöku/foreldra viðtöl í skóla

#### **Framundan:**

- **Greining:** Taka saman gögnin og skilgreina tækifæri og „design principles“ til að leiðbeina lausninni sem við hönnum
- **Pása:** lærdómur og undirbúa næsta fasa
- **Kynningar** fyrir stýrihóp, SFS stjórn, verkefnaráð, demo, stafrænt ráð?

#### **Gott að hafa í huga:**

- **Tilgáta okkar:** Með því að styðja við hlutverk foreldra getum við aukið áhrif íslenskukennslu án þess að auka pressu á kennara
- **En...** Við getum ekki búið við öllu frá foreldrum og það þarf líka að laga kerfið (auka fjármagn, fjárfesta í því sem virkar, laga biðlista, bæta viðmið)
- **Og...** Við viljum ekki auka vinnuálag foreldra sem þegar eiga erfitt með að taka þátt.

#### **Endamarkmið**

- Fjölgtyngd börn fá betri stuðning til að læra íslensku bæði í skóla (stuðningsþarfir þeirra eru skýrari og foreldrar þeirra geta talað fyrir þeim) og utan skóla (foreldrar hafa betri aðgang að stuðningi og úrræðum).

**Teymi og mönnun:** Mun samanstanda af framleiðanda, notendaránsakanda, þjónustuhönnuði, listamanni samskiptaaðila, vöruhönnuði, gagnasérfræðingi, lögfræðingi, sérfræðingi

**Ráðgefandi:** Dröfn Rafnsdóttir (eigandi), brúarsmiðir (starfsmenn sem eru að aðstoða erlendar fjölskyldur með mál tengd skólastarfi, eru brúin á milli erlendra foreldra og íslenska skólakerfisins), MML (miðja máls og læsis) deild, Nýsköpunarmiðja Menntamála

**Tímarammi:** Lok verkefni fyrir febrúar 2024, 6 mánuðir

**Áætlaður kostnaður** verkefnis: Bloomberg greiðir laun I teymis (sem samanstendur í þessu tilfelli af þremur aðilum: Listamaður, samskiptaaðila og gagnasérfræðingi). PON greiðir laun sinna sérfræðinga af fjárfestingu og SFS greiðir laun sinna sérfræðinga.

**Óskað er eftir:** að fá samþykki til þess að halda áfram

**Tegund verkefnis:** Umbreytingarverkefni

#### **Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 15.06.2023: 3 2 5 4 5 5                      3,73

#### **Niðurstaða verkefnaráðs:**

Frábært verkefni og mjög þarft. Erum að grípa þarna mjög mikilvægar áskoranir og horfa til framtíðar um fólksfjölgun og fyrirbyggja enn meiri erfiðleika. Ljóst að þó markhópurinn sé tvítyngd börn og fjölskyldur

þeirra, mun skýrara flæði og upplýsingagjöf vera til bóta fyrir allar fjölskyldur. Samþykkt, höldum verkefninu áfram og fögnum áttakinu.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnið er samþykkt og framleiðandi leiðir þetta áfram með teyminu

#### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir framleiðanda um ákvörðun	EBB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

## Starfsmannagáttin og innleiðing á 50skills Journey

Verkefnið snýst um að auðvelda starfsmönnum borgarinnar að hafa yfirsýn yfir réttindi, hlunnindi og öll sín mál hjá borginni. Það er mikil pappírsvinnsla og mikill tími starfsmanna fer í handavinnu. Mikið um tafir og ómögulegt að safna gögnum með núverandi uppsetningu.

Starfsmannagáttin er rafræn umsóknargátt, þar sem starfsmenn geta sótt sér þjónustu á einfaldari máta en áður.

#### Búið er að gera:

- Þarfagreiningu
- Ferlagreiningu menningarkorts, veikindavottorðs og íþróttá- og samgöngustyrks
- Eigindleg viðtöl
- Kynning og samskipti hagsmunaaðila hafa átt sér stað
- Kostnaðar- og ábatamat

Nú eiga sér stað breyttar áherslur sem fela í sér kynningu á ábatamati, hugsanlegri nýtingu á viðbótar fjárheimild Ráðnýjar til kaupa á ferlavél 50skills. Innleiðing viðeigandi ferla í ráðningarferli MOS (Samþætting 50skills við ferlavélina Journey's) og Framtíðarsýn Minna Síðna.

**Kostnaðar og ábatamat:** Gert út frá stöðu Minna síðna, tæknistakki Reykjavíkurborgar og lífvænleika lausnarinnar sem og notendaránnsóknnum meðal stjórnenda og starfsfólks.

**Ábati** felst í umbreyttu ráðningarferli, úrvinnslu, eftirfylgni og yfirsýn yfir beiðnir frá starfsfólki til stjórnenda.

**Tillögur:**

1. 50 skills Journeys: Ferlavél til að sjálfvirknivæða hlunnindaferla sem hluta af innleiðingu. Til stuðnings: Umbreytt ráðningarferli.
2. Mínar síður: Framtíðarsýn fyrir heimasvæði starfsfólks.

**Lausn og ábati af leið 1:**

- Góð notendaupplifun sem stjórnendur þekkja
- Samhæft flæði frá ráðningu til starfsloka (umbreytt ráðningarferli)
- Möguleiki að nýta viðbótarheimild í útboði við birgja
- Auðvelt að tengja við hvaða framenda sem er með vefþjónustum

**Lausn og ábati af leið 2:**

Út frá notendarannsóknnum felst ábati í greiningu og forgangsöröðun fyrir heimasvæði starfsfólks á Mínum síðum.

- Fjöldmargir aðilar þurfa að koma að borðinu
- Hvað á að falla innan framtíðarþróunar Mínnar síðna fyrir starfsfólk?

T.d atvikaskráning, aðgangur að kerfi sem unnið er í (t.d Bjargey, S5, Vala), upplýsingabrunnur, umsóknir/beiðnir, beiðnabækur

**Lausn og ábati:**

Umfjöllun stýrihóps og hagsmunaaðila ráðningarteymis (22.ágúst, 7. og 11.september)

- Journeys lítur mjög vel út. Miklir möguleikar sem felast í þessari ferlavél; fyrir sjálfvirknivæðingu mannauðsferla (hlunninda en einnig ferla á launaskrifstofu sem tengjast ráðningar- og starfslokasamningum.
- Grunnforsenda er tenging við SAP.
- Erfitt að meta ábata ímyndar og upplifunar starfsfólks af vinnustaðnum en yfirsýn stjórnenda eykst til muna.

**Tímarammi:**

Í tilboðinu frá 50 skills er gróf tímaáætlun, sem er þróun og innleiðing frá hausti og fram að áramótum

**Áætlaður kostnaður verkefnis:**

- 40 milljónir miðað við umbreytingu, það þarf að gera nýja kostnaðaráætlun miðað við breyttar forsendur ef þær verða samþykktar.
- Viðbótar heimild, þá þarf að hefja formlegt samtal með innkaupaskrifstofu, en beðið með að setja það ferli í gang þar til verkefnið er staðfest af verkefnaráði.
- Valkvæð viðbótarkaup í útboðinu eru 150 milljónir.
- Áætlaður kostnaður innleiðingarstjóra: 5 milljónir, greiðist af sviði

**Óskað er eftir:**

- Óskum eftir að verkefnið fari til verkefnastofu í formlegt innkaupaferli fyrir sérsníðni Journeys frá 50 skills inn í ráðningarferli sem og fyrir umsóknir starfsfólks Reykjavíkurborgar. Skoða samhengi við útboðslýsingu 50skills.
- Að vinna við greiningu fyrir heimasvæði starfsfólks verði sett á backlog hjá teymi Minna síðna.

**Tegund verkefnis:**

Umbreyting/fjárfesting

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs 27.09.2023: 4 5 1 4 5 4            3,33

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefnaráð fagnar forvinnunni þar sem áskorunin var skoðuð í stærra samhengi en sú hugmynd sem kom fram upphaflega. Niðurstaðan sýndi betur hvar helstu áskoranir eru í dag og tækifæri á einfaldari útfærslu sem þó leysir úr stærstu sársaukapunktum. Lausnin hér felur í sér að auðvelt er að setja fleiri ferla inn, stilla af áminningar, tímasetningar og svo framvegis án þess að þjónustueigendur þurfi tæknistuðning.

Jákvætt að leitast sé eftir að nýta viðbót við lausn sem við höfum nú þegar innleitt og samstarf við nýsköpunarfyrirtæki. Hugað verður að innkaupaleið þar sem við tökum þátt í mótun lausnarinnar, en eftir reynslutíma mikilvægt að huga að áframhaldandi samning eða áskrift.

Verkefnaráð bendir einnig á að fyrirbyggjandi er að skoða þurfi heildstætt mannauðskerfi borgarinnar sem styttest í að verði komin á tíma. Það er jákvætt að ýmsa þætti í mannauðsferlum sé búið að leysa og það mun einfalda umfang útboðsferlis fyrir nýtt kerfi.

Samþykkt er að fara þá leið að innleiða 50skills journey fyrir innleiðingarferla og rýna hvað fleira passi þar inn til einföldunar fyrir stjórnendur og starfsfólks.

Varðandi seinni hluta tillögunnar *ad nánari útfærsla á mínum síðum fyrir starfsfólk* fari á verkefnalista hjá teymi fyrir “mínar síður borgarbúa” þá leggur verkefnaráð til að fundin verði önnur leið til að svara þörf fyrir heimasvæði/einfalt aðgengi starfsfólks. Ljóst er að ákaflega mörg verkefni eru á bið nú þegar og væntanleg hjá þessu teymi sem viðbúið eru að muni vera hærra í forgangi með þjónustu og upplýsingamiðlun fyrir borgarbúa og atvinnulífið.

Lagt er til að vörustjóri mannauðs og launakerfa og stafrænn leiðtogi MOS/MSS rýni þetta í samvinnu við vefþróunardeild og eiganda innri miðlunar og í sameiningu skoði önnur tækifæri til að leysa áskorunina sem felst í að einfalda yfirsýn starfsmanna og aðgengi að umsóknum, innri þjónustu og upplýsingum.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt að setja fyrstu skilgreindu ferlana inn í 50skills journey
2	Lagt til að vörustjóri og stafrænn leiðtogi MOS/MSS vinni saman tillögur að nálgun í innri miðlun og einföldum aðgangi að fornum/upplýsingum

### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga, framleiðanda og þjónustuhönnuð um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri kemur upplýsingum til deildarstjóra vef og vörubrúunar tengt vörustjóra sem þarf að koma að verkefninu	EBB	x
3	Verkefnaskráarstjóri kemur upplýsingum til deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu og ósk um verkefnastjóra	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

## Hugtakasafn borgarinnar (e. Business glossary)

Tilgangur þessa verkefnis er að samþætta hugtakanotkun þvert á alla þjónustu borgarinnar.

Hugtakasafn er sameiginlegt safn af öllum þeim hugtökum og skilgreiningum sem notast er við í þjónustum borgarinnar, uppbyggingu tækniinnviða, þ.e. uppbygging og vinnsla gagna ásamt hugbúnaðarþróun. Þar er útskýrt hvernig hugtökin eru notuð í daglegum rekstri til þess að öll þau sem koma að þjónustunni og nýta hana hafi sameiginlegan skilning á þeim.

Í dag eru svið borgarinnar að nota sömu hugtökin en skilgreina þau ólíkt sem kemur í veg fyrir samkeyrslu gagna þvert á svið. Einnig er erfitt að fá yfirsýn þvert á svið og mikil vinna er fólgin við að „hreinsa“ gögn.

Í dag stöndum við frammi fyrir því að við vitum ekki alltaf hvaða gögnum við erum að safna í tengslum við þjónusturnar sem borgin veitir. Það þýðir að við getum ekki tryggt það að við séum að gefa notendum eða öðrum rétt svör við spurningum er varða þjónustuna. Þetta kostar mikla þýðingarvinnu og tíma sem fer í greiningarvinnu, sem og gerir greiningarferlið brothætt og tímafrekt.

Sameiginlegt hugtakasafn tryggir sameiginlegan skilning á þjónustuhugtökum borgarinnar sem skilar sér í réttri og áreiðanlegri gagnauppbyggingu og tryggir gagnagæði. Það greiðir fyrir sjálfvirknivæðingu ferla,

dregur úr hugtakaruglingi og tryggir að við grípum rétt gögn og miðlum réttum gögnum áfram til þeirra ferla eða notenda sem þurfa á þeim að halda hverju sinni.

Það gerir það að verkum að sömu hugtök og notuð eru í starfseminni verða einnig notuð í hugbúnaðarþróun og annari tæknilegri útfærslu á ferlum og þjónustu. Það tryggir samhengi og samfellu í þjónustunum okkar, betri upplifun fyrir notendur þjónustunnar, dregur úr sóun og lækkar kostnað í kerfinu til dæmis þegar kemur að þýðingavinnu.

**Markmið** er að samræma hugtakanotkun meðal þeirra aðila sem koma að tækniinnviðum borgarinnar, hvort sem það snýr að gögnum eða hugbúnaðarlausnum, til þess að auka gæði þeirra. Hugtakasafnið er þar ómissandi atriði.

**Með verkefninu á m.a að:** setja upp hugtakasafn Reykjavíkurborgar og innleiða hugtakasafn.

#### **Ávinningur/ábatí:**

- Tryggir betri yfirsýn og úrvinnslu gagna þvert á svið
- Auðveldar okkur að miðla upplýsingum til borgarbúa
- Gefur stjórnendum og pólitík grundvöll til betri ákvörðunartöku

**Tímarammi:** 6 mánuðir

**Áætlaður kostnaður:** 38 m.kr

#### **Óskað er eftir:**

- Fjármögnun uppá 38 m.kr fyrir launakostnaði og verktakavinnu
- Verkefnastjóri í 50% í 6 mánuði

**Tegund verkefnis:** Gagnaverkefni

#### **Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags 26.9.2023      3 3 1 2 5 2      2,33

#### **Niðurstaða verkefnaráðs:**

Mjög vel skilgreint verkefni sem er samþykkt. Verkefnaráð telur að þessi grunnvinna muni einfalda núverandi og framtíðar gagnahögun og vinnslu. Mikilvægt er að huga að því að innleiða notkun og stöðuga uppfærslu á hugtakasafni.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnið er samþykkt
2	

#### **Aðgerðalisti**



Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra gagnþjónustu um niðurstöðu	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu og ósk um verkefnastjóra	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

## Sorphirðudagatal 3.0

Sorphirða Reykjavíkur óskaði eftir aðstoð PON við uppfærslu á sorphirðudagatali borgarinnar sem er mjög mikið notað af íbúum og í upplýsingagjöf.

Núverandi sorphirðudagatal er sett upp í gömlum tæknistakk sem uppfyllir ekki tækniröfur og gerir uppfærslur á dagatalinu tímafrekar. Þetta gerir það að verkum að ekki er hægt að bregðast við ef breytingar verða á sorphirðuáætlun.

### Búið er að gera:

- Setja upp sorphirðudagatal sem er mikið notað af íbúum borgarinnar og sparar mörg símtöl og fyrirspurnir til þjónustuværu og sorphirðunnar. Símtöl og fyrirspurnir eru um 100-300 á mánuði og fær dagatalið um 1200-1400 uppflettingar á mánuði
- Sorphirðudagatalið forritað og sett upp af gagnþjónustunni, virkni og útlit
- Forgreiningu

**Með verkefninu á m.a að:** bæta upplifun notenda, fasa út vef sorphirðunnar (ekkirusl.is). Einnig að einfalda aðkeypta lausn ( www.tunnur.is - sem var afhent í mars 2023) með þarfir notenda í huga og samþætta við núverandi lausn.

- Setja þarf upp sjálfvirkt ferli sem les uppfærðar tæmingar dagsetningar og birtir ársdagatal á prentvænu formi, þetta sparar handvirka vinnu við að setja upp dagatölin sem tók nokkra daga áður
- Einfalda aðkeypta lausn með þarfir notenda í huga
- Færa gönguleiðarbestun úr gömlum tæknistakki yfir í nýja

### Ávinningur/ábat:

- Upplifun notenda
- Spara handvirka vinnu við að setja upp dagatölin

### Markmið

- Að sorphirðudatalið sé aðgengilegt, skýrt og einfalt í notkun fyrir íbúa borgarinnar

- Að hægt sé að fækka enn frekar fyrirspurnum um losunardagsetningar sem berast þjónustuverinu og sorphirðunni í gegnum síma og tölvupóst með góðri upplýsingagjöf

**Tímarammi:** 3 mánuðir

**Áætlaður kostnaður:** 13 m.kr.

**Óskað er eftir:**

- Fjármögnun uppá 13 m.kr. fyrir þróun
  - Gagnasérfræðingur og vöruhönnuður
  - Aðkeypt sérfræðipjónusta

**Tegund verkefnis:**

Vefverkefni og gagnaverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags 26.9.2023      5 3 1 5 5 3      3,00

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Mjög jákvætt að við séum að hlusta á íbúana, ítra þá lausn sem var tekin upp í fyrravetur í takt við þarfir og væntingar. Viðbætur til einföldunar fyrir íbúa að sjá út frá sínu heimilisfangi og hverfi og þannig gera kleift að uppfærslur og breytingar á skipulagi eða tímaáætlun sorphirðunnar skili sér með sjálfvirkum hætti.

Lögð er áhersla á að lagfæra sem allra fyrst að tunnur.is vísi á réttan stað, Reykjavíkurborg keypti lausnina af þeim og færði í okkar umhverfi, en í dag birtist eins og við höfum lokaði henni.

Lagt er til að setja mælanleg markmið, ss. fækka símtölum hjá USK og þjónustuveri og sýna fram á bættu þjónustu og sparnað í tíma fólks. Setja upp ábatamat.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	Setja niður markmið og ábatamat

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra gagnþjónustu um niðurstöðu	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra umbreytinga um ósk um vöruhönnuð	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

## **Þjóðskrá**

Tryggja að öll kerfi og lausnir borgarinnar noti sömu réttu gögnin úr Þjóðskrá frá einum miðlægum stað. Í dag eru til a.m.k sjö þjóðskrárgrunna þar sem mismunandi kerfi sækja upplýsingar í einhvern af þessum grunnum. Ekki er vitað um ástand allra grunnanna eða hvenær gögn eru uppfærð, engin yfirsýn er yfir hvaða kerfi er að sækja hvaða upplýsingar hvert.

**Með verkefninu á m.a að:** ná utan um hvernig við miðlum þjóðskrárupplýsingum innan borgarinnar þ.e. að finna alla þjóðskrárgrunna í kerfum borgarinnar og átta sig á því hvaða lausnir og kerfi nýta gögnin. Auk þess þarf að skilja þarfir allra þeirra aðila sem nýta gögnin og mæta þeim. Að sama skapi þarf að útleiða þá grunna á sama tíma og einn grunnur er innleiddur og tengdur við þær lausnir og kerfi sem nýta þjóðskrárupplýsingar.

### **Staðan í dag**

Vísir að verkefninu varð til á UTR þar sem upplýsingatæknihönnuðir ásamt gagnþjónustunni komu auga á að ekki væru öll kerfi innan borgarinnar að sækja gögn úr Þjóðskrá á sama hátt frá Ferli. Ferli er aðili sem dreifa má gögnum frá Þjóðskrá. Það varð meðal annars til þess að ákveðin þjónustuframendi birti notanda sem hafði leiðrétt nafn og kyn í þjóðskrá, gamlar upplýsingar.

### **Af hverju?**

Mikilvægt er að öll kerfi og lausnir borgarinnar séu að nota sömu gögnin frá Þjóðskrá sem geymd eru í grunni sem er þjónustaður af gagnþjónustunni. Það bæði tryggir gæði kerfa og lausna ásamt því að ef eitthvað kemur upp eða breytingar verða á gögnum er einfalt að virkja þær breytingar í öllum kerfum og lausnum í einu. Komi upp atvik þar sem tengingar við gögnin rofna er mikilvægt að einfalt sé að koma aftur á tengingu þar sem gögnin eru notuð í grunnþjónustu.

Séu gerðar breytingar á gögnum Þjóðskrár er mikilvægt að kerfi og lausnir borgarinnar sækji uppfærð gögn frá einum miðlægum stað til þess að lagfæringar og nýjungar séu unnar hratt og örugglega. Að sama skapi verður eftirlit auðveldara sem og öryggi gagnanna.

Í þjónustu við íbúa er mikilvægt að öll kerfi séu að nota rétt gögn, t.d. þegar kemur að persónuupplýsingum sem notaðar eru í samskiptum. Notkun á réttum Þjóðskrárgögnum í hvítvetna kemur í veg fyrir að íbúar séu t.d. rangkynjaðir.

**Markmið** Tryggja að öll kerfi og lausnir borgarinnar noti sömu upplýsingar frá Þjóðskrá. Það tryggir réttar upplýsingar og auðveldar lagfæringar ef eitthvað kemur fyrir þá tengingu.

### **Ávinningur/ábati:**

- Betri upplifun fyrir notendur þjónustunnar
- Dregur úr sóun og lækkar kostnað í kerfinu
- Tryggir að upplýsingar sem borgin birtir notendum séu réttar
- Lagfæringar og uppfærslur í þjóðskrá vinnast hratt og örugglega
- Eftirlit auðveldara og öryggi gagnanna eykst

**Tímarammi:** Gróf tímalína miðar við 10 mánuði með undirbúningi og innleiðingu.

**Áætlaður kostnaður:** 20 m.kr.

**Óskað er eftir:**

- Fjármögnun uppá 19,8 m.kr fyrir launakostnaði
- Verkefnastjóra í 50% í 10 mánuði

**Tegund verkefnis:**

Gagnaverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags 26.9.2023      4 5 1 5 5 5      3,47

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Eitt af kjarnaverkefnum Gagnateymisins er að einfalda gagnauppbyggingu borgarinnar. Nauðsynlegt er að ná utan um að réttar upplýsingar séu birtar frá þjóðskrá í mismunandi kerfum og öllum nýjum lausnum og til þess þarf að leggja í þessa vinnu og lagfæra kjarnauppsetninguna á þessari tengingu.

Verkefnaráð óskar eftir að í upphafi veri einnig tekið saman fjárhagslega og tímasparnaður., þ.e hvað mun sparast til lengri tíma í tíma og kostnaði við rekstur á mismunandi tengingum við það að fara í þetta verkefni. Að sett verði upp ábatamat á því, sem fylgir inn í heimildarbeiðni og inn í næstu skref.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	Óskað eftir að taka saman ábatamatið á skýran hátt áður en farið er af stað
3	

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra gagnþjónustu um niðurstöðu	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu og ósk um verkefnastjóra	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

## Skólalausnir – samstarf sveitarfélaga á HBVS

Verkefnið snýr að því að kortleggja hvað þurfi að gera svo að sveitafélög á HBSV (höfuðborgarsvæðinu) geti samnýtt lausnirnar: Innritun í grunnskóla og Bjargey og í kjölfarið aðrar lausnir sem gefnar verða út á næstunni.

Þannig má byggja undir hugmyndina um eitt skólasvæði þ.e. þjónustuferil sem gengur þvert á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu með því að samræma umsóknir og úrvinnslu þeirra sem og því að gera ferla skilvirkari og sjálfvirkari fyrir starfsmenn, stjórnendur og foreldra.

Það mun gera foreldrum eða forsjáraðilum barna sem deila forræði þvert á mörk sveitarfélaga, kleift að sækja sér og barninu þjónustu á mun einfaldari máta en áður, í gegnum eitt og sama viðmótið.

### Búið er að gera:

- Notendarannsóknir hafa verið framkvæmdar í öðrum verkefnum sem snúa að þjónustum við börn s.s. BBB þar sem framangreint vandamál kom skýrt fram
- Starfsfólk þriggja sveitarfélaga hafa ávarpað þessa áskorun sín á milli
- Greinargerð barnamálaráðuneytis með áherslu á týndu börnin og sameiginlegan nemendagrunn

**Núverandi staða** er sú að sveitarfélög hafa ekki skilgreint samstarf um skóla á sínu landsvæði. Kerfi og högun er ólík milli sveitarfélaga og Reykjavíkurborg hefur eitt sveitarfélaga innan SSH (samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) þróað nokkrar lausnir fyrir umsóknir og úrvinnslu um þjónustu við börn.

**Lausnin** er að greina hvaða breytingar þarf að ráðast í og umfang svo önnur sveitarfélög geti nýtt lausnir Reykjavíkurborgar. Kostnaðarmeta breytingarnar og móta praktískt fyrirkomulag vegna reksturs á lausn.

### Ávinningur/ábati:

- Samþætting og samvinna sveitarfélaga um viðkvæman þjónustuhóp
- Opnun á frekara samstarf s.s. Innritun í leikskóla, frístund, skólalþjónustu o.s.frv.
- Gögn um börn og þjónustuveitingu

**Tímarammi:** 11 vikur

**Áætlaður kostnaður:** 10 m.kr.

### Óskað er eftir:

- Verkefnastjóra til að leiða verkefnið
- Fjármagni til að kaupa þjónustu fyrir skoðun á kerfum
- Kostnaðaráætlun er um 10 milljónir

**Tegund verkefnis:**

Fjárfesting – nánari greining

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags 26.9.2023 5 5 1 5 5 5 3,67

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Mikilvægt verkefni til að finna leiðir til framtíðarsamstarfs og samnýtingu lausna milli sveitarfélaga. Lögð er áhersla á að í opinberri stefnumótun hefur verið lögð áhersla á samstarf hjá hinu opinbera, sem hefur verið áskorun þegar lausnir, innri umsýslukerfi og grunnkerfi eru ólík. Þetta verkefni mun sýna fram á möguleika á útfærslu á samnýtingu og mögulegum samrekstri sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eða víðar á landinu gætu þá nýtt sér, sé áhugi til þess. Mikill áhugi er hjá sveitarfélögunum en vantað hefur að geta sýnt fram á formlega útfærslu og kostnað.

Verkefnaráð samþykkir að farið verði í greiningarferli sem áætlað er í mesta lagi 3 mánuðir.

Lögð er áhersla á að Reykjavíkurborg greiðir fyrir verkefnastjóra við að leiða greiningu með sérfræðingum innahúss og hagaðilum, en greiðir ekki fyrir skoðun á kerfum fyrir önnur sveitarfélög. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku frá fulltrúum Mosfellsbæar og Kópavogs og þau munu sjá um nauðsynlegar greiningar og úttektir á þeirra tæknihögun einsog þörf krefur.

Verkefnið er talið brýnt svo hægt verði að ákveða næstu skref að greiningu lokinni, gott að fá verkefnastjóra sem fyrst, en tengiliður skrifstofustjóra og stafrænn leiðtogi halda áfram að undirbúa verkefnið.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt
2	Tengiliður skrifstofustjóra og stafrænn leiðtogi halda áfram að undirbúa verkefnið þar til verkefnastjóri fæst í það
3	

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra skrifstofu sviðstjóra um niðurstöðu	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu og ósk um verkefnastjóra	EBB	x

[Aftur í efnisyfirlit](#)

**Næsti fundur**

Næsti fundur verkefnaráðs PON verður haldinn 12. október 2023.